XI. VIÐ 31. gr.

1. Varðandi skattfrelsi í Finnlandi og Svíþjóð fyrir fleytingarfyrirtæki, sem stofnað hefur verið til að annast fleytingu á fleytingarleiðum landamæraánna í Torne og Muonio, gildir sérstakt samkomulag sem hefur verið gert þar um.

2. Varðandi grundvöll að skiptingu milli Noregs og Svíþjóðar á skattlagningu tekna hlutafélagsins Luossavaara-Kiirunavaara gildir sérstakt samkomulag sem hefur verið gert þar um.

Frumrit bókunar þessarar skal varðveitt í finnska utanríkisráðuneytinu sem sendir hinum aðildarríkjunum staðfest afrit af því.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar, sem til þess höfðu fullt umboð, undirritað bókun þessa.

Gjört í Helsinki hinn 18. febrúar 1987 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og eru sænsku textarnir tveir, annar fyrir Finnland og hinn fyrir Svíþjóð, og skulu allir textar jafngildir.

10. júlí 1987 Nr. 9

AUGLÝSING

um uppsögn samkomulags við Bandaríkin um gagnkvæma undanþágu frá tekjuskatti af rekstri flugvéla og skipa.

Með orðsendingum bandaríska utanríkisráðuneytisins 4. desember 1986 og 2. júlí 1987 var tilkynnt um uppsögn samkomulags frá 21. og 27. desember 1962 milli Íslands og Bandaríkjanna um gagnkvæma undanþágu frá tekjuskatti af rekstri flugvéla og skipa, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 11/1962 þar sem samkomulagið er birt. Uppsögnin öðlaðist gildi 4. júní 1987.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 10. júlí 1987.

Steingrímur Hermannson.

Hannes Hafstein.

10. ágúst 1987 Nr. 10

AUGLÝSING

um breytingu á Oslóarsamningi um mengun sjávar.

Hinn 16. júlí 1987 var norska utanríkisráðuneytinu afhent fullgildingarskjal Íslands vegna bókunar um breytingu á alþjóðasamningi frá 15. febrúar 1972 um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum sem gerð var í Osló 2. mars 1983. Samningurinn er birtur í auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 16/1973, sbr. auglýsingu nr. 5/1974.

Bókunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Tilkynnt verður um gildistöku bókunarinnar síðar.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 10. ágúst 1987.

Steingrímur Hermannsson.

Hannes Hafstein.

Fylgiskjal.

BÓKUN

um breytingu á samningi um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum

Aðilar samnings um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum, sem gerður var í Osló hinn 15. febrúar 1972 (hér eftir nefndur „samningurinn"),

sem hafa í huga 1. gr. samningsins, þar sem samningsaðilar skuldbinda sig til að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að hindra að hafið verði mengað af efnum sem geta stofnað heilsu manna í hættu, skaðað lifandi auðlindir og lífið í sjónum, dregið úr geðfelldum umhverfiseiginleikum sjávar eða truflað önnur lögmæt not sjávar,

sem vilja, innan ramma samningsins, koma á bindandi reglum um brennslu á hafi úti er samræmist séreinkennum viðkomandi hafsvæða, og sem gera sér ljóst að texti samningsins, eins og hann er nú, veitir ekki fullnægjandi grundvöll til að koma á slíkum reglum,

sem álykta að samningnum beri að breyta í þessum tilgangi,

hafa orðið ásáttir um eftirfarandi:

1. gr.

19. gr. samningsins skal hljóða svo í breyttri mynd:

„Í þessum samningi

1) merkir „losun úrgangsefna" sérhverja losun efna og hluta í sjóinn með eða frá skipum og flugvélum af ásettu ráði, þar með talið með brennslu á hafi úti, nema
   a) sérhverja losun eða brennslu sem tilheyrir eða leiðir af venjulegum rekstri skipa og flugvéla og útbúnaði þeirra;
   b) geymslu efna og hluta í öðru skyni en aðeins að fjarlægja þá, að því tilskildu að slík geymsla sé ekki ósamrýmanleg tilgangi þessa samnings.
2) merkir „brennsla" alla vísvitandi brennslu efna eða hluta á hafi úti í því skyni að eyða þeim með eldi eða hita.
3) merkja „skip og flugvélar" hvers konar sjófærar fleytur og loftför. Þetta hugtak nær einnig til svifnökkva, fljótandi farkosta, hvort sem þeir ganga fyrir eigin vélarafli eða ekki, og til fastra eða fljótandi palla."

PROTOCOL

Amending the Convention for the Prevention of Marine Pollution by Dumping from Ships and Aircraft

The States Parties to the Convention for the Prevention of Marine Pollution by Dumping from Ships and Aircraft, done at Oslo on 15 February 1972 (hereinafter referred to as "the Convention");

RECALLING Article 1 of the Convention, in which Contracting Parties pledge themselves to take all possible steps to prevent the pollution of the sea by substances that are liable to create hazards to human health, to harm living resources and marine life, to damage amenities or to interfere with other legitimate uses of the sea;

BEING DESIROUS of establishing, within the framework of the Convention, binding rules on incineration at sea reflecting the special characteristics of the region concerned, and NOTING that the present text of the Convention does not provide an adequate basis for the establishment of such rules;

RESOLVING that the Convention should be amended for this purpose;

HAVE AGREED as follows:

Article I

Article 19 of the Convention shall be amended to read as follows:

"For the purpose of this Convention:

1) "Dumping" means any deliberate disposal into the sea, including through the medium of incineration at sea, of substances and materials by or from ships or aircraft other than:
   a) any discharge or incineration incidental to or derived from the normal operation of ships and aircraft and their equipment;
   b) the placing of substances and materials for a purpose other than the mere disposal thereof, if not contrary to the aim of this Convention.
2) "Incineration" means any deliberate combustion of substances and materials at sea for the purpose of their thermal destruction.
3) "Ships and aircraft" means sea-going vessels and airborne craft of any type whatsoever. This expression includes air-cushion craft, floating craft whether self-propelled or not, and fixed or floating platforms."

2. gr.

Eftirfarandi tölulið skal bætt við 8. gr. samningsins:

„3) Ákvæði 5., 6. og 7. gr. skulu ekki taka til þess er efnum eða hlutum er fyrirkomið með brennslu á hafi úti. Brennsla annarra efna eða hluta á hafi úti en þeirra sem tilgreindir eru í 4. tl. 2. gr. Viðauka IV við samning þennan er bönnuð. Engin efni eða hluti skal brenna án sérstaks leyfis í hvert skipti frá viðeigandi yfirvöldum viðkomandi aðildarríkis. Þegar slíkt leyfi er gefið út skal farið eftir viðeigandi ákvæðum í Viðauka III og ákvæðum Viðauka IV við samning þennan."

3. gr.

22. gr. samningsins skal hljóða svo í breyttri mynd:

„Öll ríki sem 20. gr. tekur til geta gerst aðilar að samningi þessum, eins og honum var breytt með bókun þeirri sem fram var lögð til undirritunar hinn 2. mars 1983. Samningsaðilar geta samhljóða boðið öðrum ríkjum aðild að samningnum með áorðnum breytingum. Aðildarskjöl skulu falin ríkisstjórn Noregs til varðveislu."

4. gr.

Við samning þennan skal aukið Viðauka IV, en texti hans fylgir bókun þessari í fylgiskjali[1].

5. gr.

Bókun þessi skal liggja frammi til undirritunar í Osló frá 2. mars 1983 til 2. júní 1983 af hálfu þeirra ríkja sem aðilar eru að samningnum á þeim degi er hún er lögð fram til undirritunar.

6. gr.

Bókun þessi er háð fullgildingu, staðfestingu eða samþykki. Fullgildingar-, staðfestingar- og samþykkisskjöl skal fela ríkisstjórn Noregs til varðveislu.

7. gr.

Hvert það ríki, sem 22. gr. tekur til og ekki hefur undirritað bókun þessa, getur gerst aðili að henni. Aðildarskjöl skulu falin ríkisstjórn Noregs til varðveislu.

8. gr.

1) Bókun þessi skal taka gildi á fyrsta degi annars mánaðar eftir þann dag er öll þau ríki er 5.

1. Ekki prentað hér.

Article II

The following paragraph shall be added to Article 8 of the Convention:

"3) The provisions of Article 5, 6 and 7 shall not apply to the disposal of substances and materials by means of incineration at sea. The incineration at sea of substances and materials other than those listed in Rule 2 paragraph 4 of Annex IV to this Convention is prohibited. No substances and materials shall be incinerated without a specific permit in each case from the appropriate national authority or authorities. When such permits are issued, the relevant provisions of Annex III and the provisions of Annex IV to this Convention shall be applied."

Article III

Article 22 of this Convention shall be amended to read as follows:

"This Convention, as amended by the Protocol opened for signature on 2 March 1983, shall be open for accession by any State referred to in Article 20. The Contracting Parties may unanimously invite other States to accede to the Convention as amended. The instruments of accession shall be deposited with the Government of Norway."

Article IV

Annex IV, the text of which is set out in the Appendix 1 to this Protocol,[1] shall be added to the Convention.

Article V

This Protocol shall be open for signature at Oslo from 2 March 1983 until 2 June 1983 by the States which are Parties to the Convention on the date of the opening for signature of this Protocol.

Article VI

This Protocol shall be subject to ratification, acceptance or approval. The instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Government of Norway.

Article VII

This Protocol shall be open for accession by any State referred to in Article 22 of the Convention which has not signed this Protocol. The instruments of accession shall be deposited with the Government of Norway.

Article VIII

1) This Protocol shall enter into force on the first day of the second month following the date

1. Not reproduced here.

gr. bókunar þessarar tekur til hafa afhent fullgildingar-, staðfestingar-, samþykkis- eða aðildarskjöl sín.

2) Gagnvart hverju því ríki, sem gerist aðili að bókun þessari eftir að hún hefur tekið gildi, skal hún taka gildi á fyrsta degi annars mánaðar eftir að það hefur afhent aðildarskjal sitt.

on which all States referred to in Article V of this Protocol shall have deposited their instrument of ratification, acceptance, approval or accession.

2) For any State acceding to this Protocol after its entry into force, this Protocol shall enter into force on the first day of the second month following the date on which that State shall have deposited its instrument of accession.

9. gr.

Vörsluríkisstjórnin skal tilkynna aðilum að samningnum um undirritanir bókunar þessarar, og um afhendingar fullgildingar-, staðfestingar-, samþykkis- eða aðildarskjala samkvæmt ákvæðum 5., 6. og 7. gr.

Article IX

The depositary Government shall inform the Contracting Parties of the Convention of signatures of this Protocol and of the deposit of instruments of ratification, acceptance, approval or accession, in accordance with Articles V, VI and VII.

10. gr.

Frumrit bókunar þessarar, en enskur og franskur texti hennar eru jafngildir, skal falið ríkisstjórn Noregs til varðveislu, og skal hún senda staðfest afrit hennar til framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar og birtingar í samræmi við 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Article X

The original of this Protocol, of which the English and French texts are equally authentic, shall be deposited with the Government of Norway, which shall send certified copies thereof to the Contracting Parties to the Convention. It shall transmit a certified copy to the Secretary-General of the United Nations for registration and publication in accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað bókun þessa.

Gjört í Osló 2. mars 1983.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, being duly authorised thereto by their respective Governments, have signed this Protocol.

Done at Oslo, this second day of March 1983.

Nr. 11 10. ágúst 1987

AUGLÝSING

um gildistöku alþjóðasamnings um mælingar skipa.

Hinn 18. júlí 1982 öðlaðist alþjóðasamningur frá 23. júní 1969 um mælingar skipa gildi. Samningurinn var fullgiltur samkvæmt heimild í 2. gr. laga nr. 50/1970, sbr. lög nr. 34/1984, sbr. einnig auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 18/1970.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 10. ágúst 1987.

Steingrímur Hermannsson.

Hannes Hafstein.